



Ferðafélag Akureyrar

Strandgötu 23 – 600 Akureyri – sími 462-2720 – www.ffa.is - netfang ffa@ffa.is

Akureyri 8. nóvember 2022

Til Fjárlaganefndar

Greinargerð vegna þjónustuhúss FFA við Dreka­gil

Ferðafélag Akureyrar (FFA) hefur frá árinu 1968 byggt upp og rekið skála og ferðamanna­aðstöðu við Dreka­gil sem nú þjónar hlutverki hálendismiðstöðvar innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Félagið hefur með uppbyggingu í Herðubreiðarlindum og Dreka­gili verði frumkvöðull í að opna norðausturhálendið og náttúruperlur þess fyrir almenningi.

Í Dreka­gili er gístiaðstaða fyrir 55 gesti í tveimur gístiskálum. Þar er einnig tjaldstæði en tilfinnanlega hefur vantað betri aðstöðu fyrir tjaldgesti, göngu- og hjóla­fólk og lausaumferð, sem er mikil yfir háannatímam, m.a. með aðstöðu til að þurrka fatnað, elda og matast í skjóli. Það hefur sýnt sig að mikið álag er á gístiskálum FFA við Dreka­gil af þessari umferð og oft ekki hægt að hleypa fólki þar inn vegna þrengsla. Mikil umferð ferðamanna (oft fjölskyldur með börn) sem er á leið í Öskju fer um svæðið og staðurinn því mikilvægur fyrir ferðamenn hvort sem um öryggi eða þægindi er að ræða.

Askja er einstök á heimsvísu í jarðfræðilegu tilliti. Hún dregur að vísindamenn og almenna ferðamenn víða að úr heiminum vegna jarðsögu og jarðfræði svæðisins. Aðkoman að Öskju er um Dreka­gil, sem er e.k. gátt að þessu einstaka svæði. Í Dreka­gili er upplýsingamiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs og fræðsluefni í skálum FFA auk þess sem skálaverðir FFA veita upplýsingar m.a. um jarðfræði svæðisins og staðhætti.

Árið 2019 hófst FFA handa við frekari uppbyggingu í hálendismiðstöðinni við Dreka­gil með því að ráðast í byggingu þjónustuhúss. Byggingu þess lauk að mestu í september 2022 og var það vígt 10. september 2022. Það verður síðan tekið í notkun sumarið 2023.

Húsið gagnast fyrst og fremst tjaldgestum, göngu- og hjóla­fólki svo og annarri lausaumferð á hálendinu auk þess sem það verður mikilvægt öryggisatriði þar sem ferðamenn geta leitað skjóls vegna veðurs eða náttúruhamfara.

Það hefur sýnt sig að mikil þörf er á slíkri byggingu því á hverju sumri þarf að rýma tjaldstæðið og koma fólki í hús vegna veðurs. Hingað til hefur við slíkar aðstæður þurft að hýsa tjaldgesti og ferðamenn í hinum tveimur skálunum FFA sem oft eru fullbókaðir. Sumurin 2021 og 2022 var hins vegar hægt að bjarga fólki í hálfbyggt þjónustuhús við mun betri aðstæður en áður var mögulegt.

Ef rýma þarf Herðubreiðarlindir er hægt að flytja fólk í Dreka eins og gert var í skyndi að nætur­lagi sumarið 2019 vegna vísbendingar um flóð í Kreppu. Bætt aðstaða í Dreka­gili skiptir miklu máli gagnvart almannavörnum ef til náttúruhamfara kemur s.s. eldgosa, flóða eða óveðurs eins og sannast hefur síðustu árin.



Ferðafélag Akureyrar

Strandgötu 23 – 600 Akureyri – sími 462-2720 – www.ffa.is - netfang ffa@ffa.is

Undanfarin ár hafa nokkrir vísindahópar komið á svæðið hvert ár og hefur aðstaða fyrir þá ekki verið nein önnur en tjaldsvæði og snyrtihús FFA. Í sumar kom þjónustuhúsið að gagni þegar stór alþjóðlegur hópur vísindamanna lenti í því að tjöld þeirra með rannsóknartækjum fuku en hægt var að koma þeim í skjól í þjónustuhúsinu þótt það væri ekki tilbúið. Þetta skipti sköpum fyrir hópinn sem gat þar með lokið vinnu sinni í góðu húsaskjóli. Þannig var hægt að lágmarka tjónið sem þeir urðu fyrir.

Ferðafélag Akureyrar áformar að hefja veitingasölu í húsinu en mjög mikið er spurt eftir því að hægt sé að kaupa kaffi og léttar veitingar á svæðinu. Þetta er í undirbúningi, þ.e. að hafa ákveðið lágmarksframboð vista og veitinga þar sem fjöldi ferðamanna kemur nestislaus á svæðið og gerir jafnvel ráð fyrir þessari þjónustu eins og víðast er í þjóðgörðum erlendis.

Síðan bygging hússins hófst hefur byggingakostnaður farið fram úr áætlun m.a. vegna verulegrar hækkunar á byggingaefni og eldsneyti. Því hefur kostnaður við húsið orðið talsvert hærri en félagið gerði ráð fyrir í upphafi. Í dag er kostnaður að nálgast 70 milljónir.

Sótt var um styrk til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða árin 2019 og 2020 en engir styrkir fengust þaðan fyrir byggingunni þrátt fyrir augljóst öryggishlutverk framkvæmdarinnar og bætt aðgengi almennings að þjóðgarðinum. Aðeins hafa fengist tveir styrkir og eru báðir frá félagasamtökum alls 2.500.000 kr. Félagið fékk viðspyrnulán frá Ríkissjóði vegna covid-19 aðgerða upp á 4.180.767 kr. sem byrja þarf að borga af 1. janúar 2023; 500.000 kr. og síðan 334.145 kr. á mánuði í 11 mánuði. Útistandandi skuldir vegna lokafrágangs þjónustuhússins eru rúmar 8.800.000 kr. að undanskildu viðspyrnuláni. Hætta er á að íþyngjandi byggingarkostnaður komi niður á almennu félagsstarfi FFA næstu misserin.

Rétt er að vekja athygli á augljósu hagræði og hagkvæmni samstarfs Vatnajökulsþjóðgarðs við áhugamannafélag, sem ekki er hagnaðardrifið, um uppbyggingu og rekstur innan þjóðgarðsins. Synjun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrk til byggingarinnar í tvígang er illskiljanleg í því ljósi.

Fyrir hönd stjórnar FFA

Þorgerður Sigurðardóttir,
formaður